

Viðlagatrygging Íslands
Ársreikningur 2010

Viðlagatrygging Íslands
Borgartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 520276-0259

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur ársins 2010

Ársreikningur Viðlagatryggingar Íslands (VÍ) fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Þetta eru fyrstu reikningsskil stofnunarinnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla en hingað til hafa reikningsskil hennar verið í samræmi við lög um ársreikninga (IS-GAAP). Upptakan hefur engin áhrif á eigið fé 1. janúar 2009 eða afkomu ársins 2009. VÍ var stofnuð með sérstökum lögum árið 1975 og starfar nú samkvæmt lögum nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. Hlutverk hennar er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara, en það á við um eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð og vatnsflóð. Árið 2010 telst vera 35. starfsár stofnunarinnar.

VÍ endurtryggir váttryggingaáhættu sína hjá 27 erlendum félögum og sjóðum á endurtryggingamarkaði sem hvert um sig vegur á bilinu 0,5 til 15,5% af endurtryggingarsamningnum. Guy Carpenter er umboðsaðili VÍ og annast starfsmenn þess samskipti og skipulag funda við endurtryggjendur. Á árinu 2009 var í fyrsta sinn gerð krafa af hálfu VÍ um þátttöku endurtryggjenda í tjónsatburði á Íslandi, en það var vegna jarðskjálftans á Suðurlandi í maí 2008. Endurtryggingasamningurinn fyrir árið 2008 gerði ráð fyrir eigin áhættu VÍ í hverjum tjónsatburði að upphæð 6.500 millj. kr. Tjónabætur vegna þess atburðar námu í lok árs 2010 um 9.266 millj. kr. og því hefur verið gerð krafa á endurtryggjendur að fjárhæð 2.766 millj. kr. Eftir er að innheimta tæpan þriðjung þeirrar fjárhæðar.

Í janúar 2010 flutti starfsemi VÍ í Borgartún 6 frá Laugavegi 162. Í ágúst urðu framkvæmdastjóraskipti hjá VÍ. Ásgeir Ásgeirsson lét af störfum eftir 10 ára starf sem framkvæmdastjóri VÍ. Við starfinu tók Hulda Ragnheiður Árnadóttir.

Tvö umfangsmikil þróunarverkefni voru kostuð af Viðlagatryggingu á árinu 2010, annars vegar útgáfa á bók sem nefnist Náttúruvá og mun koma út á árinu 2011 og hins vegar gerð áhættulíkans sem ætlað er að meta fjárhagslega áhættu af jarðskjálftavá á Íslandi. Náttúruvá er vísinda- og yfirlitsrit þar sem saman er tekin nýjasta þekking íslenskra jarðvísindamanna á eldvirkni og jarðskjálftum á Íslandi. Áhættulíkanið byggir á raunverulegum kostnaðartölum úr jarðskjálftanum 2008 og er ætlað til að auðvelda samninga við erlenda endurtryggjendur.

Mikil áhersla er lögð á eignadreifingu í fjárfestingastefnu VÍ. Eignum er skipt milli þriggja fjárvörsluaðila, Íslenskra verðbréfa, Íslandssjóða og Arionbanka. Dreifing á milli eignaflokka er fjölbreytt, eignir eru bæði í innlendum og erlendum eignum og megináhersla lögð á áhættulitlar fjárfestingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 2.147 millj. kr. Stjórn leggur til að hagnaði verði ráðstafað sem viðbót við eignasöfn VÍ hjá fjárvörsluaðilum. Eigið fé VÍ í árslok 2010 nam 17.147 millj. kr. Eiginfjárlutfall stofnunarinnar var 90,2% í árslok og reiknað gjaldþolshlutfall nam 31,49. Þann 31. desember 2010 námu heildareignir stofnunarinnar 19.011 millj. kr.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur Viðlagatryggingar Íslands gefi glögga mynd af rekstrarafkomu stofnunarinnar á árinu 2010, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2010 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem stofnunin býr við eins og fram kemur í skýringum nr. 16-23.

Stjórn og framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands hafa í dag farið yfir ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2010 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2011

Stjórn: 

Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Viðlagatryggingar Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Viðlagatryggingar Íslands fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2010, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 31. mars 2011

KPMG ehf.



Ég undirritaður skoðunarmaður Viðlagatryggingar Íslands, skipaður af ráðherra, hef farið yfir ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og reglna og legg ég til að hann verði staðfestur.

Reykjavík, 31. mars 2011



Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Iðgjöld ársins		1.969.846	1.855.106
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(438.968)	(356.750)
Eigin iðgjöld	4	<u>1.530.878</u>	<u>1.498.356</u>
Fjármunatekjur	5	953.887	1.768.800
Reiknaður fjármagnstekjuskattur		(174.810)	(217.979)
Fjárfestingartekjur		<u>779.077</u>	<u>1.550.821</u>
Aðrar tekjur		12.314	10.703
Heildartekjur		<u>2.322.269</u>	<u>3.059.880</u>
Tjónakostnaður		(856.527)	(3.442.408)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði		1.081.038	2.000.000
Breyting á tjónaskuld		(35.000)	1.800.000
Eigin tjón	6	<u>189.511</u>	<u>357.592</u>
Rekstrarkostnaður	7	(299.193)	(260.947)
Framlög til fyrirbyggjandi starfsemi		(66.072)	(5.000)
Heildargjöld		<u>(175.754)</u>	<u>91.645</u>
Heildarhagnaður ársins		<u>2.146.515</u>	<u>3.151.525</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 19 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Verðbréf	10	15.194.745	13.430.159
Endurtryggingæignir	11	1.353.976	2.000.000
Viðskiptakröfur	12	502.069	510.628
Aðrar kröfur		3.243	780
Handbært fé		1.957.354	817.562
Eignir samtals		19.011.387	16.759.129
Eigið fé			
Varasjóður		4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé		12.876.793	10.730.278
Eigið fé samtals		17.146.928	15.000.413
Skuldir			
Vátryggingaskuld	14	1.416.435	1.320.522
Fjármagnstekjuskattskuldbinding	15	412.363	388.625
Viðskiptaskuldir		20.373	20.111
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		15.288	29.458
Skuldir samtals		1.864.459	1.758.716
Eigið fé og skuldir samtals		19.011.387	16.759.129

Skýringar á blaðsíðum 9 til 19 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Eiginfjárfirlit árið 2010

	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2009	4.270.135	7.578.753	11.848.888
Heildarhagnaður ársins		3.151.525	3.151.525
Eigið fé 31.12.2009	<u>4.270.135</u>	<u>10.730.278</u>	<u>15.000.413</u>
Eigið fé 1.1.2010	4.270.135	10.730.278	15.000.413
Heildarhagnaður ársins		2.146.515	2.146.515
Eigið fé 31.12.2010	<u>4.270.135</u>	<u>12.876.793</u>	<u>17.146.928</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 19 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Sjóðstreymisýfirlit fyrir árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		2.146.515	3.151.525
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur af verðbréfaeign	(877.745)	(1.725.559)
Aðrir liðir		23.737	130.101
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, breyting		6.096	(125.210)
Eigin váttryggingaskuld, breyting	14	741.937	(3.754.701)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	(13.908)	(37.418)
Handbært fé frá (til) rekstar		<u>2.026.632</u>	<u>(2.361.262)</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Verðbréf, (hækkun) lækkun	10	(886.840)	1.092.503
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(886.840)</u>	<u>1.092.503</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.139.792	(1.268.759)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>817.562</u>	<u>2.086.321</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>1.957.354</u></u>	<u><u>817.562</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 20 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Viðlagatrygging Íslands („Stofnunin“) er með starfsstöð sína á Íslandi og eru höfuðstöðvar hennar að Borgartúni 6 í Reykjavík. Aðalstarfsemi stofnunarinnar felst í að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara í samræmi við lög nr. 55/1992.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Þetta eru fyrstu reikningsskil stofnunarinnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla en hingað til hafa reikningsskil hennar verið í samræmi við lög um ársreikninga (IS-GAAP). Yfirlýsing yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla er gerð í samræmi við staðal *IFRS 1 Upptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla* og hafði engin áhrif á mat eigna, skulda eða eiginfjár stofnunarinnar á yfirlýsludegi sem miðast við 1. janúar 2009.

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands staðfesti ársreikninginn þann 31. mars 2011.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur stofnunarinnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

c. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og telja hana hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er því verið gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður úr athugun á greiðsluhæfi stofnunarinnar gefa til kynna að hún hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

d. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill stofnunarinnar.

e. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 3l.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Gengismunur sem myndast við yfirlýslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

b. Fjármálagerningar

(i) Fjareignir og fjarskuldir

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, handbært fé, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

b. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar stofnunin gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur stofnunarinnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef stofnunin yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem stofnunin skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar stofnunarinnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

(ii) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

(iii) Verðbréf

Verðbréf í efnahagsreikningi eru flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iv) Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru fjármálagerningar sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðir á opinberum markaði. Um er að ræða viðskiptakröfur tengdar váttryggingasamningum við váttryggingafélögin.

Samkvæmt 11. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands eru árleg iðgjöld 0,25% af váttryggingafjárhæðum brunatryggðra fjármuna, en iðgjöld sveitarfélaga og veitustofnana miðast við 0,20%. Í árslok voru váttryggingafjárhæðir í gildi vegna húseigna og lausafjár um 7.495 milljarðar króna, en 631 milljarðar vegna mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 83/1993. Bótaskylda Viðlagatryggingar er 1% af heildarváttryggingafjárhæðum.

Álagning og innheimta iðgjalda er framkvæmd af váttryggingafélögum, sem mánaðarlega skulu gera skil til Viðlagatryggingar. Iðgjöld sveitarfélaga og veitustofnana eru þó lögð á og innheimt af Viðlagatryggingu.

(v) Afskrifað kostnaðarverð

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæðin sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum afborgunum höfuðstóls og að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afföllum sem fundnar eru með aðferð virkra vaxta á mismun upphaflegs verðs og uppgreiðsluverðmætis, að frádreginni virðisrýrnun.

(vi) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

c. Grundvöllur mats á gangvirði fjáreigna

(i) Verðbréf

Verðbréf í efnahagsreikningi eru fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum. Gangvirði skráðra verðbréfa er skráð markaðsverð þeirra á uppgjörstigi án þess að tekið sé tillit til sölukostnaðar sem gæti fallið til í framtíðinni.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Grundvöllur mats á gangvirði fjáreigna

(i) Verðbref, frh.:

Sé markaðsverð ekki skráð í kauphöll eða fáanlegt hjá miðlara, er gangvirði fjármálagerningsins metið með matsaðferðum, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjáreigna, núvirt sjóðsflæði, verðmyndunarlíkan valréttá eða aðrar verðmatsaðferðir sem gefa til kynna áreiðanlegt mat á öðrum viðskiptum á markaði.

Þegar notast er við núvirta sjóðsflæðisaðferð við mat á gangvirði, er vænt framtíðar sjóðsflæði byggt á besta mati stjórnenda og ávöxtunarkrafa sem notuð er eru markaðsvextir sambærilegs gernings á uppgjörssdegi. Þegar önnur verðmyndunarlíkön eru notuð, eru forsendur matsins byggðar á upplýsingum af markaði á uppgjörssdegi. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er metið, ef mögulegt er, með því að nota viðeigandi V/H hlutfall fyrir sambærileg skráð félög og er lagað að sérstökum aðstæðum útgefanda verðbrefanna.

d. Vátryggingasamningar

Stofnunin gefur út samninga sem flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til stofnunarinnar.

(i) Vátryggingasamningar - skilgreining

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhætta er áhætta sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, vegna eignatjóns.

(ii) Vátryggingasamningar - flokkun

Vátryggingasamningar stofnunarinnar flokkast í skaðatryggingar og varða eignatjón.

Skylt er samkvæmt 5 gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands að vátryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur á Íslandi. Vátryggingaskyldan nær einnig til lausafjár sem vátryggt er með almennri samsettri vátryggingu sem innifelur brunatryggingu og flokkast undir eignatryggingar. Jafnframt er skylt að vátryggja mannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs þó þau séu ekki brunatryggð, svo sem hitaveitur, raforkuvirki, brýr og hafnir.

(iii) Vátryggingaskuld

Stofnunin metur hvort vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar stofnunarinnar með því að meta framtíðarfjárflæði vátryggingaskuldar. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi.

(iv) Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu stofnunarinnar. Endurtryggjendur stofnunarinnar bera alla áhættuna umfram umsamda fjárhæð.

Stofnunin hefur tekið erlenda endurtryggingu. Á árinu 2011 bætir hún tjón sem fer yfir 10.000 millj. kr., en hámarksbætur nema þó 30.000 millj. kr. í hverjum tjónsatburði. Iðgjöld vegna þessarar tryggingar námu alls 410 millj. kr. á árinu 2010. Í árslok 2010 hefur stofnunin gert kröfu á endurtryggjanda sinn að fjárhæð 2.766 millj. kr. vegna jarðskjálfta á Suðurlandi í maí 2008.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

e. Virðisrýrnun fjáreigna

Á hverjum uppgjörstegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega. Virðisrýrnun fjáreigna er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

f. Tekjur og gjöld af váttryggingastarfsemi

(i) Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári, en að frádrögnum iðgjöldum næsta árs, sem færast sem iðggjaldaskuld. Iðggjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næsta reikningsári.

(ii) Tjón

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynnta óuppgerðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

(i) Afkoma af verðbréfum

Afkoma af fjárfestingum í verðbréfum samanstendur af söluhagnaði hlutabréfa, gagnvirðisbreytingum fjárfestinga og vaxta- og arðstekjum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsréttur stofnast.

(ii) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur í rekstrarreikningi innifela:

- vexti af handbæru fé.
- vexti af verðbréfum sem metin eru á grundvelli virkra vaxta.

(iii) Gengismunur

Gengismunur samanstendur af breytingum eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum.

h. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, tölvukostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis og öðrum kostnaði.

i. Skattur

Viðlagatrygging Íslands er undanþegin greiðslu tekjuskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt. Stofnunin ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleystum fjármunatekjum. Skuldbinding stofnunarinnar vegna fjármagnstekjuskatts er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggir á tífamismun áfallins og innleysts fjármagnstekjuskatts í ársreikningi annars vegar og skattframtali hins vegar.